

Fjármálaráðuneytið  
Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. janúar 2016

### Efni: Ítrekun á fyrirspurn um útboð á flugfarmiðakaupum ríkisins

Félag atvinnurekenda leyfir sér að ítreka fyrirspurn sem ráðuneytinu var send í bréfi 24. nóvember síðastliðinn, eða fyrir átta vikum. Þar var vakin athygli á að undanfarin þrjú ár og gott betur hefur ríkt ólögmætt ástand hvað varðar kaup ríkisins á flugfarmiðum. Óumdeilt er að þessi innkaup ríkisins eru útboðsskyld, eins og staðfest er í úrskurði Kærunefndar útboðsmála frá 29. apríl síðastliðnum, en þar var lagt fyrir ríkið að bjóða út farmiðaviðskiptin.

Ráðuneytið boðaði með fréttatilkynningu 13. mars í fyrra að flugfarmiðaútboð færi fram á fyrri hluta þess árs. Það gekk ekki eftir. Ríkiskaup svöruðu FA síðastliðið sumar að útboðið drægist fram á haustmánuði. Svo hættu Ríkiskaup að svara fyrirspurnum og vísuðu á fjármálaráðuneytið sem eiganda verkefnisins.

Í ljósi þess að nú er aftur kominn fyrri hluti árs, nema hvað það er árið á eftir árinu þegar útboðið átti að fara fram, leyfir FA sér að spryja á ný hvenær standi til að bjóða út farmiðakaup ríkisins og binda þar með enda á brot á lögum um opinber innkaup, sem staðið hafa í meira en þrjú ár. Svar óskast sem fyrst.

Virðingarfyllst,

Ólafur Stephensen,  
framkvæmdastjóri FA